

Skeiða- og Gnúpverjahreppur,	
Bnr. 0.0	K/S 16.10.17
Ábm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Markaðsstofa Suðurlands

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

b.t. Kristófers A. Tómassonar sveitarstjóra

Árnesi

801 Selfoss

Selfossi, 9. október 2017

Varðar: Framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands færir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir þann mikilvæga stuðning sem falinn er í samstarfssamningi við sveitarfélagið undanfarin ár en hann hefur gert okkur kleift að efla enn frekar það góða samstarf sem tekist hefur á Suðurlandi um markaðssetningu og kynningu á svæðinu.

Þar sem núverandi samningur milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Markaðsstofu Suðurlands rennur út um næstu áramót er þess hér með farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður óbreyttur, sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til næstu 3ja ára.

Markaðsstofan hefur nú verið starfrækt í um níu ár og er samstarfsverkefni sveitarfélaga og atvinnulífsins á svæðinu. Markaðsstofan hefur átt í góðu samstarfi við ferðapjónustuaðila á Suðurlandi og eiga nú um 210 fyrirtæki aðild að stofunni og taka þátt í starfi hennar. Þónokkur fjölgun hefur orðið á samstarfsfyrirtækjum okkar ár frá ári og stefnan er að fjölga þeim enn frekar á næstu mánuðum og árum. Það styrkir baklandið og fjárhagslega getu okkar til að gera enn betur á komandi misserum.

Auk sveitarfélaganna kemur ríkið að reksti Markaðsstofunnar með fjárframlagi í gegnum Ferðamálastofu, sem er einnig einn helsti samstarfsaðili markaðsstofa landshlutanna. Allt markaðsstarf verður bæði trúverðugra og markvissara ef unnt er að skipuleggja það til lengri tíma og teljum við því afar mikilvægt þegar kemur að því að endurnýja samstarfssamninga við sveitarfélögin á Suðurlandi að þeir verði framlengdir til lengri tíma til að tryggja það starf.

Endurnýjun samninga við sveitarfélögin á Suðurlandi gera okkur kleift að vinna að langtímaáætlun um kynningu á landssvæðinu sem og víðtækri samvinnu við Ferðamálastofu, Íslandsstofu, innlendar og erlendar ferðaskrifstofur og fleiri.

Eftirfarandi yfirlit nær yfir helsta beina ávinning sveitarfélaga að samstarfinu:

- Markaðsstofan vinnur að **markaðssetningu Suðurlands sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess** og þar með sveitarfélögin. Nú liggur fyrir markaðsgreining fyrir áfangastaðinn Suðurland þar sem lögð er fram þrískipting svæðisins. Markaðsstofan, sveitarfélög og mörg fyrirtæki á svæðinu vinna nú eftir henni í sínu markaðsstarfi þar sem því er viðkomið, t.d. á vef, samfélagsmiðlum, á sýningum, FAM ferðum og við blaðamenn/áhrifavalda. Slík samhæfing gerir markaðssókn fyrir svæðið markvissari og stuðlar að betri nýtingu fjármuna allra þessara aðila.
- Sveitarfélagið fær greinargóða listun í ferðahandbókinni **South Iceland, The Official Tourist Guide** með þéttbýliskorti, mynd og textaupplýsingum ásamt ferðapjónustutengdri starfsemi þess s.s. sundlauga, safna og slíku. Ferðahandbókin er gefinn út á hverju ári í um 40 þúsund eintökum og dreift um allt land ásamt því að vera mikið notuð á ýmsum ferðasýningum.
- Á **stóru sýningunum hérlendis** tryggir Markaðsstofan sýnileika landshlutans, m.a. út frá þrískiptingunni. Þar hefur Markaðsstofan leigt og séð um allan útlagðan kostnað við að hafa á sýningunni fjórfaldan bás þar sem útlitshönnun og skipulag miðar að því að draga fram sérstöðu landshlutans sem og þrískiptinu svæðisins. Fulltrúum hvers svæðis hefur verið boðið að koma að mönnun hans og eiga fundi með erlendum ferðasölum. Hefur það mælst mjög vel fyrir og komið vel út að kynna svæðið með þeim hætti og sem eina heild.
- Markaðsstofan sækir og kynnir landshlutann á 1-2 **sýningum og/eða vinnustofum erlendis** á hverju ári, eftir mörkuðum og markhópum sem niðurstaða markaðsgreiningarinnar miðar að.

1. The first step in the synthesis of the compound is the reaction of the starting material with the reagent to form the intermediate. This reaction is carried out in a dry, inert solvent at a temperature of 0°C to 5°C. The reaction mixture is then allowed to warm to room temperature and stirred for a period of 2 hours.

The reaction mixture is then poured into a large volume of water to precipitate the product. The solid is collected by filtration and washed with water to remove any residual reagent.

The product is then dried under vacuum at a temperature of 40°C for 24 hours. The yield of the product is approximately 85%. The melting point of the product is 120°C. The infrared spectrum shows a strong absorption at 1715 cm⁻¹, characteristic of a carbonyl group. The ¹H NMR spectrum shows a multiplet at 7.2 ppm, a doublet at 6.8 ppm, and a singlet at 3.5 ppm.

The product is then subjected to elemental analysis. The calculated values for C, H, and N are 68.5%, 4.2%, and 1.3%, respectively. The found values are 68.2%, 4.1%, and 1.2%, which are in good agreement with the theoretical values.

The product is then purified by recrystallization from a mixture of ethyl acetate and hexane. The purified product is obtained as white crystals with a melting point of 120°C. The infrared spectrum and ¹H NMR spectrum of the purified product are identical to those of the crude product.

The product is then stored in a dry, dark container until used.

The reaction scheme for the synthesis of the product is shown below. The starting material is a substituted benzene ring with a hydroxyl group and a methyl group. The reagent used is acetic anhydride. The intermediate is a substituted benzene ring with an acetoxy group and a methyl group. The final product is a substituted benzene ring with a carbonyl group and a methyl group.

The synthesis of the product is complete.

THE UNIVERSITY OF CHICAGO
DEPARTMENT OF CHEMISTRY
1950



Markaðsstofa Suðurlands

- Sveitarfélaginu sem og ferðaþjónustutengdri starfsemi þess fær góða birtingu á **Íslenskri og enskri vefsíðu** Markaðsstofunnar www.south.is þar sem heimsóknir eru allt að 1400 á dag og hafa aukist um rúmlega 40% fyrstu níu mánuði ársins milli ára 2016 og 2017. Þá hefur sveitarfélögum staðið til boða að kaupa ítarlegri lendingar/undirsíðu á vefnum til að gera sérstöðu þess enn betur skil, sem nokkur sveitarfélög hafa gert.
- Markaðsstofan vinnur og hefur frumkvæði að, fyrir hönd sveitarfélagana og í samvinnu við fulltrúa þeirra, **móttöku blaðamanna sem og innlendra og erlendra ferðasala** sem fjalla um og/eða heimsækja Suðurlandið.
- Markaðsstofan stendur ásamt markaðsstofum landshlutanna að **Mannamóti**, árlegri ferðasýningu sem markaðsstofurnar halda í Reykjavík í lok janúar. Markmiðið er að kynna ferðaþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Samstarfssveitarfélög Markaðsstofunnar geta leitað eftir ýmsum **upplýsingum og fengið leiðbeiningar** hjá starfsmönnum markaðsstofunnar um greinina, markaðssetningar- og kynningarmál.
- Markaðsstofa Suðurlands starfar náið með **öðrum aðilum í stoðþjónustu ferðaþjónustunnar** s.s. Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála og Rannsóknarmiðstöð Ferðamála og öðrum þeim aðilum sem vinna að eflingu ferðaþjónustu, atvinnuuppbyggingar og jákvæðrar ímyndar Suðurlands. Gegnir þar Markaðsstofan lykilhutverki í samtali og samvinnu við þessa aðila fyrir hönd sveitarfélaganna.
- Markaðsstofan heldur utan um og boðar fundi sem haldnir eru reglulega með **samstarfshóp um ferðamál á Suðurlandi**, en hópinn skipa ferðamála-, markaðs- og kynningamála og atvinnuáfangafulltrúar sveitarfélagana ásamt fulltrúum klasa. Það samstarf eykur upplýsingaflæði milli aðila og svæða um ferðamál. Þá hefur tekist á síðustu misserum að skipta betur ábyrgð og verkefnum milli aðila í stoðþjónustu ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Með því erum við sterkari sem heild til að vinna að framgangi og eflingu ferðamála á Suðurlandi.
- Markaðsstofan hvetur til og leitast við að styðja nýsköpun í ferðaþjónustu á starfssvæði sínu í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin, ferðamálafulltrúa svæðanna, atvinnuþróunarfélögin, sveitarfélögin og ýmsar stofnanir.


Nánari upplýsingar um starfsemina sem og fundargerðir má finna á vefnum okkar www.south.is/markadsstofan. Meðfylgjandi er ársuppgjör ársins 2016.


Markmið Markaðsstofunnar er að auka veg ferðaþjónustunnar á Suðurlandi með því að laða gesti til landshlutans sem hafa áhuga á því sem hann hefur uppá að bjóða og fá þá til að dvelja á Suðurlandi sem og að ferðast vítt og breytt um svæðið, þar sem gæði frekar en magn er aðalatriðið. Með því að vinna að sameiginlegum að hagsmunum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi verður stefnumörkunin skýrari og slagkrafturinn meiri.

Það er trú okkar að ferðaþjónustan sé nú orðin ein helsta grunnstöð í atvinnulífnum á Suðurlandi og því er mikilvægt að styðja við og stuðla að frekari framþróun og sjálfbærni hennar á svæðinu sem heilsárs atvinnugreinar, með gæði og fagmennsku að leiðarljósi. Það er því von okkar að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fallist á tillögu okkar um að styðja við frekari þróun á þessu sviði með því að framlengja núverandi samstarfssamning til ársloka 2020.

Sé þess óskað, eru fulltrúar Markaðsstofu Suðurlands sem fyrr reiðubúnir að koma og kynna starfsemina nánar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins og hvaða ávinningur fylgir þátttöku í stofnunni.

F.h. Markaðsstofu Suðurlands


Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri


Markaðsstofa Suðurlands

Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Markaðsstofu Suðurlands ses.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir árið 2016 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn stofnunarinnar hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða stofnunina við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Selfossi, 30. mars 2017.

KPMG ehf

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Markaðsstofu Suðurlands ses, höfum yfirfarið ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2016 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 30. mars 2017.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta.....		14.350.379	13.385.321
Framlög og styrkir	3	24.902.951	17.370.699
Aðrar endurgreiðslur		517.500	0
		<u>39.770.830</u>	<u>30.756.020</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	4	24.123.750	16.684.159
Markaðsgreiningar.....		1.284.994	669.411
Annar rekstrarkostnaður.....	5	15.093.364	11.250.078
		<u>40.502.108</u>	<u>28.603.648</u>
Rekstrar(-tap) hagnaður.....	(731.278)	2.152.372
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		25.903	24.215
Vaxtagjöld	(305.346)	(184.159)
	(279.443)	(159.944)
(Tap) hagnaður ársins.....	(<u>1.010.721</u>)	<u>1.992.428</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Viðskiptakröfur.....		2.130.555	1.643.405
Virðisaukaskattur.....		0	211.995
Aðrar skammtímakröfur.....		395.180	199.842
Veltufjármunir samtals		<u>2.525.735</u>	<u>2.055.242</u>
Eignir samtals		<u><u>2.525.735</u></u>	<u><u>2.055.242</u></u>
Eigið fé			
Stofnframlög.....		6.000.000	6.000.000
Ójafnað eigið fé.....		(8.754.059)	(7.743.338)
Eigið fé samtals	2	<u>(2.754.059)</u>	<u>(1.743.338)</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		569.599	1.744.040
Skuld við banka.....		1.881.822	1.013.692
Virðisaukaskattur.....		12.393	0
Aðrar skammtímaskuldir.....		2.815.980	1.040.848
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.279.794</u>	<u>3.798.580</u>
Skuldir samtals		<u>5.279.794</u>	<u>3.798.580</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.525.735</u></u>	<u><u>2.055.242</u></u>

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta.....		14.350.379	13.385.321
Framlög og styrkir.....	3	24.902.951	17.370.699
Aðrar endurgreiðslur.....		517.500	0
		<u>39.770.830</u>	<u>30.756.020</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	4	24.123.750	16.684.159
Markaðsgreiningar.....		1.284.994	669.411
Annar rekstrarkostnaður.....	5	15.093.364	11.250.078
		<u>40.502.108</u>	<u>28.603.648</u>
Rekstrar(-)tap) hagnaður.....	(731.278)	2.152.372
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		25.903	24.215
Vaxtagjöld.....	(305.346)	(184.159)
		<u>(279.443)</u>	<u>(159.944)</u>
(Tap) hagnaður ársins.....	(1.010.721)	1.992.428

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Viðskiptakröfur.....		2.130.555	1.643.405
Virðisaukaskattur.....		0	211.995
Aðrar skammtímakröfur.....		395.180	199.842
Veltufjármunir samtals		<u>2.525.735</u>	<u>2.055.242</u>
Eignir samtals		<u>2.525.735</u>	<u>2.055.242</u>
Eigið fé			
Stofnframlög.....		6.000.000	6.000.000
Ójafnað eigið fé.....		(8.754.059)	(7.743.338)
Eigið fé samtals 2		<u>(2.754.059)</u>	<u>(1.743.338)</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		569.599	1.744.040
Skuld við banka.....		1.881.822	1.013.692
Virðisaukaskattur.....		12.393	0
Aðrar skammtímaskuldir.....		2.815.980	1.040.848
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.279.794</u>	<u>3.798.580</u>
Skuldir samtals		<u>5.279.794</u>	<u>3.798.580</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.525.735</u>	<u>2.055.242</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins.....	2	(1.010.721)	2.034.588
Veltufé (til) frá rekstri		(1.010.721)	2.034.588
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun)		(470.493)	(582.752)
Skammtímaskuldir, hækkun		613.084	815.975
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		142.591	233.223
Handbært fé (til) frá rekstri		(868.130)	2.267.811
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, hækkun (lækkun)		868.130	(2.267.811)
Fjármögnunarhreyfingar		868.130	(2.267.811)
Breyting á handbæru fé.....		0	0
Handbært fé í ársbyrjun.....		0	0
Handbært fé í lok ársins.....		0	0

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016	6.000.000	(7.743.338)	(1.743.338)
(Tap) ársins.....	0	(1.010.721)	(1.010.721)
Staða 31.12.2016	6.000.000	(8.754.059)	(2.754.059)

2016 2015

3. Framlög og styrkir

Ferðamálastofa.....	9.344.600	7.612.000
Sveitarfélög	9.558.351	8.508.699
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.....	2.500.000	0
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga v/Markaðsgreiningar Suðurlands	3.500.000	1.250.000
	24.902.951	17.370.699

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun.....	18.724.976	13.553.541
Endurgreiðslur Vinnumálastofnunar.....	0	(547.041)
Ökutækjastyrkur.....	944.350	715.880
Dagpeningar.....	559.470	155.369
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	1.912.269	1.308.217
Tryggingagjald.....	1.523.464	1.166.763
Sjúkra- og orlofssjóður.....	345.776	252.515
Vátryggingar	48.672	47.736
Starfsmannakostnaður.....	64.773	31.179
	24.123.750	16.684.159

5. Annar rekstrarkostnaður

Húsaleiga.....	1.018.989	760.440
Gjaldfærð áhöld og tæki og viðhald.....	370.385	6.877
Vátryggingar.....	52.249	52.695
Flutningskostnaður	75.981	80.451
Sími og burðargjöld.....	211.125	337.758
Vefsíða og internet.....	1.009.951	885.973
Pappír, prentun og ritföng.....	59.167	55.216
Landshlutabæklingar.....	4.618.450	4.364.352
Aðrir bæklingar.....	1.845.184	669.918
Sýningar og viðburðir.....	2.078.555	1.155.805
Sérfræðiþjónusta.....	485.072	440.443
Bókhald og reikningsskil.....	1.250.144	1.426.958
Ferða, FAM- og fundakostnaður.....	1.025.284	448.741
Auglýsingar.....	485.969	463.954
Afskrifuð viðskiptakrafa.....	0	20.121
Lækkun innskatts vegna blandaðs rekstrar.....	190.337	0
Félagsgjöld.....	6.000	6.000
Húsbúnaður og innanstokksmunir.....	204.927	22.806
Þjónustugjöld.....	81.205	75.728
Álagt útvarpsgjald.....	16.400	17.800
Annar kostnaður.....	7.990	(41.958)
	15.093.364	11.250.078

6. Skattamál

Þar sem tap varð á rekstri Markaðsstofu Suðurlands 2016 mun hún ekki greiða tekjuskatt á árinu 2017. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok nemur 8.362.966 kr. og er nýtanlegt sem hér segir:

Yfirfæranlegt skattalegt tap 2014 nýtanlegt til ársins 2024.....	7.368.645
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2016 nýtanlegt til ársins 2026	994.321
	8.362.966